

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás hf, Akureyri Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	5.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hringrás hf, Akureyri	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Ægisnes 1	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5106131390	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Gíslason	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540324,643 578806,94

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu var staðfest að fjórum frávikum frá fyrra eftirliti er lokið en þrjú frávik eru enn staðfest er varða neyðaráætlun er ekki til staðar, aðskilnaði efnishauga er verulega ábótavant og spilliefni stóðu úti í opnum kerum þar sem vatn átti greiða leið að. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að fylgja eftir úrbótaáætlun v. frávíka sem fram hafa komið við síðustu eftirlit.

Í reglubundnu eftirliti þann 22.maí sl. var staðfest að skipulag á svæðinu var betra en í síðustu eftirlitum en áfram verður fylgst með úrgangsmagni og skipulagi á svæðinu. Í eftirlitinu komu fram sex ný frávik og eitt eldra frávik er varðar skipulag á svæðinu var staðfest. Ein athugasemd var gerð varðandi umgengni við lóðarmörk.

Umgengni við lóðarmörk er mun betri nú. Búið er að taka til á bílastæði og hreinsa rusl og járn sem var við lóðarmörk.

Staðfest var í eftirliti að eftirfarandi frávikum er lokið:

Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili tekur á móti timbri til kurlunar á svæðinu. Ekki er heimild fyrir þeirri móttöku í starfsleyfi. Rekstraraðili er bent á að senda tilkynningu til Umhverfisstofnunar um breytingu á rekstri skv. gr. 1.4 í starfsleyfinu og 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999 og stöðva móttöku og vinnslu timburs á svæðinu nú þegar. Í síðasta eftirliti, þann 7. júlí sl. kom fram að móttöku timburs hefur verið hætt og ekki sé verið að kurla timbur. Staðfest var í þessu eftirliti að ekki eru merki þess að tekið sé á móti timbri á svæðinu og lítið magn af timbri er eftir á svæðinu sem bíður flutnings.

Gr. 2.1 í starfsleyfi. Girðing um svæðið er rofin á einum stað og aðgengi að svæðinu því ekki takmarkað. Girðingin hefur nú verið löguð og aðgengi inn á svæðið takmarkað.

Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga fyrir undangengið almanaksár ár fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður skráninga hafa ekki borist eftirlitsaðila. Þann 20. júlí sendi rekstraraðili niðurstöður mælinga til eftirlitsaðila í tölvupósti.

Gr. 5.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila árlega til Umhverfisstofnunar. Grænu bókhaldi fyrir árið 2016 var skilað með tölvupósti þann 7. júlí sl.

Í eftirlitinu kom fram að engin vél til vinnslu efnis hafi verið til staðar síðustu fimm vikurnar og á þeim tíma hefur efni safnast upp. Reiknað er þó með að vélin komi úr viðgerð í næstu viku og verður þá hægt að fara að vinna efnið niður. Mikið efni var á svæðinu og umgengnin ekki nægjanlega góð. Gæta þarf þess að efnismagnið fari ekki yfir leyfilegt magn skv. gr. 1.2 í starfsleyfi. Séu aðstæður þannig að ekki sé hægt að vinna efni, þá þarf rekstraraðili að huga að því að takmarka móttöku úrgangs inn á svæðið þar til hægt er að vinna það með fullnægjandi hætti.

Eftirfarandi frávik eru enn staðfest í eftirliti og þarfnast úrbóta hið fyrsta:

Gr. 1.7 í starfsleyfi. Neyðaráætlun var ekki aðgengileg eftirlitsaðila í eftirliti eins og kveðið er á um í gr. 1.7 í starfsleyfi. Rekstraraðili fann áætlunina að eftirliti loknu og verður hún send rekstraraðila að lokinni endurskoðun. Rekstraraðili hefur enn ekki sent stofnuninni endurskoðað afrit neyðaráætlunarinnar og afrit af henni var ekki aðgengilegt í eftirlitinu. Er það frávik því aftur staðfest.

Gr. 2.11 í starfsleyfi. Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila. Samkvæmt ákvæði 2.11 í starfsleyfi skal hreinn aðskilnaður vera milli úrgangsflokka. Í bréfi dagsettu 10. apríl 2015. veitti Umhverfisstofnun rekstraraðila frest til 1. júní 2015 til að koma þessu í rétt horf. Var frávikinn enn staðfest í eftirliti þann 22. maí og frestur veittur til mánaðarmótanna október/nóvember 2017 til að ljúka framkvæmdum við aðskilnað efnisflokka. Ekki er fyrirséð að þeim tímamörkum verði náð og er því þetta frávik því enn of aftur staðfest. Eftirlitsaðili krefst þess að rekstraraðili komi frávikinu í viðunandi horf sem allra fyrst.

Gr. 3.4 í starfsleyfi. Flutningsker fyrir spilliefni eru ekki merkt á fullnægjandi hátt. Samkvæmt ákvæði 3.4 í starfsleyfi skulu geymar sem notaðir við geymslu spilliefna merktir á viðeigandi hátt, a.m.k. skulu koma fram tegundir spilliefna, hættulegir eiginleikar og magn þeirra. Einnig skal nota viðeigandi flutningsker við flutning spilliefna skv. gr. 16 í reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farni á landi. Búið er að taka vel til í spilliefnamóttöku og aðgengi betra. Merkingar á spilliefnakörum hafa verið bættar en hins vegar stóðu spilliefnakör með raftækjum úti undir berum himni þar sem rigningarvatn hafði safnast fyrir í þeim. Gæta þarf þess að öll spilliefni séu geymd á þurrum stað þar sem ekki er hætt á mengun umhverfis eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr skv. 8. gr. reglugerðar nr 806/1999 um spilliefni.

Frávik frá

Gr. 1.7 í starfsleyfi.

Lýsing á fráviki

Neyðaráætlun var ekki aðgengileg eftirlitsaðila í eftirliti eins og kveðið er á um í gr. 1.7 í starfsleyfi.

Gr. 2.11 í starfsleyfi.

Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila.

Gr. 3.4 í starfsleyfi og 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

Gæta þarf þess að öll spilliefni séu geymd á þurrum stað þar sem ekki er hætt á mengun umhverfis eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr skv. 8. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Ker með raftækjaúrgangi stóðu úti undir beru lofti og hafði rigningarvatn safnast fyrir í þeim.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

ANNAÐ

Viðstödd eftirlitið var einnig Svava Pétursdóttir frá Umhverfisstofnun.

Reykjavík, 31.10.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir